



**Fjölskyldusvið
Húnaþings vestra**

Hvammstangabraut 5,
530 Hvammstanga
Sími 455-2400

Gjaldskrá fyrir félagsþjónustu árið 2026

Heimsendur matur á Hvammstanga og Laugarbakka.	1.306 kr. á dag. (skv. gjaldskrá HVE og uppfæriskr. í ársbyrjun ár hvert)
Dagþjónusta.	1.619 á dag. (skv. gjaldskrá HVE og uppfæriskr. í ársbyrjun ár hvert)
Heimastuðningur. a) Ekki er greitt fyrir aðstoð við athafnir daglegs lífs, s.s. persónlueg aðstoð á heimili. b) Greitt er fyrir aðstoð við heimilishald, s.s. þrif. Tímagjald fyrir hverja unna vinnustund er sem nemur launaflokki 127 skv. samningum Starfsgreinasambandsins frá 2024 með 8% persónuálagi og tengdum gjöldum. Samtals 5.200 kr 1. janúar 2026. (hækkar skv. töflunni 1. janúar ár hvert) Gjald er miðað við dagvinnutíma, fyrir kvöld- eða helgartíma reiknast 45% álag á dagvinnutíma. Ef þjónustuþegi lætur ekki vita að hann er ekki heima svo hægt sé að sinna aðstoð við heimilishald, greiðist 50% af áætluðu tímagjaldi við venjubundna þjónustu.	Aðstoð við heimilshald: - Einstaklingar með 100% ellilífeyri/heimilisuppbót frá TR (Árið 2025 kr. 435.338) eða sambærilegar tekjur greiða ekki fyrir þjónustuna. Þær nefnast viðmiðunartekjur. - Ef tekjur eru allt að 50% hærri en viðmiðunartekjur greiðir þjónustuþegi 1/3 af tímagjaldi. - Ef tekjur eru allt að 75% hærri en viðmiðunartekjur greiðir þjónustuþegi 50% af tímagjaldi. - Ef tekjur eru meira en 75% hærri en viðmiðunartekjur greiðir þjónustuþegi fullt tímagjald. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk eru margfaldaðar með 1,5.
Liðveisla.	Ekki er innheimt gjald fyrir liðveislu. Þjónustuþegi greiðir þó sjálfur eigin útlagðan kostnað.

Skammtímadvöl.	Samkvæmt gjaldskrá Skagafjarðar.
----------------	----------------------------------

Niðurgreiðslur vegna dagforeldra

Niðurgreiðslur daggjalda hjá dagforeldrum.	Fyrir 8 tíma vistun barns fá foreldrar í sambúð 59.080 kr. á mánuði í framlag frá Húnaþingi vestra. Einstætt foreldri fær 73.850 kr. á mánuði. Foreldrar í námi fá 73.850 kr. á mánuði. Einstætt foreldri í námi fær 88.620 kr. Fyrir hvert systkini fá foreldrar 14.770 kr. framlag til viðbótar. Vistun í færri tíma greiðist í samræmi við hlutfall af 8 tímum. Upphæðir hækka skv. vísitölu neysluverðs 1. janúar ár hvert miðað við vísitölu 1. mars 2025.
--	--

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna

Stuðningsfjölskylda.	1/3 af meðlagi á sólarhring (16.044 kr. janúar 2025).
Stuðningsfjölskylda málefnum fatlaðra.	Samkvæmt gjaldskrá Skagafjarðar.

Samþykkt á 265. fundi félagsmálaráðs 26. nóvember 2025

Samþykkt á 397. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra 11. desember 2025